

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Norðurtún 26, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 13. nóvember 2001 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Norðurtún 26 í Bessastaðahreppi frá skipulagi, dags. 10. júní 1996. Breytingin felst í því að heimilað er að byggja nýja bílgeymslu, ásamt áfastri geymslu fyrir verkfæri og garðhúsgögn á lóðinni og nýta núverandi sambyggðan bílskúr undir íbúðarherbergi.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 10. desember 2001.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávaraflla.

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allur hörpudiskur skal veginn á hafnarvog samkv. ákvæðum 3. gr. Um vigtun hörpudisks gilda að öðru leyti eftirfarandi reglur:

1. Fari endanleg vigtun fram á hafnarvog er vigtarmanni heimilt að draga allt að 4% frá vegnum afla vegna áætlaðra aðskotahluta í aflanum. Þessi frádráttur skal koma fram á vigtarnótu og er því aðeins leyfður að vigtarmaður á hafnarvog staðfesti með áritun á vigtarnótu að aðskotahlutir hafi verið í aflanum við löndun.
2. Sé aflinn endurvigttaður hjá aðila sem leyfi Fiskistofu hefur til slíks, skal það gert svo fljótt sem við verður komið og með eftirfarandi hætti:
 - a) Löggildur vigtarmaður sem annast skal vigtunina skal velja af handahófi og vigta úrtak sem nemur a.m.k. 0,5% af farmi. Við endurvigtunina skal úrtakið brúttóvigtað síðan skulu hrúðurkarlar, dauðar skeljar og aðrir aðskotahlutir hreinsaðir frá og úrtakið síðan vegið að nýju og þannig fundinn nettóþungi.
 - b) Löggildur vigtarmaður sem annast endurvigtun afla skal fylla út og undirrita úrtaksvigtunarnótu þar sem tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar:
 - Nafn skips, skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
 - Veiðarfæri.
 - Löndunarhöfn og löndunardag.
 - Viðtakand afla.
 - Fjöldi íláta.
 - Brúttóafla á hafnarvog (afli og aðskotahlutir)
 - Brúttóþunga úrtaks.
 - Þunga hrúðurkarla.
 - Þunga annarra aðskotahluta.
 - Nettóþunga úrtaks.
 - Reiknað hlutfall hrúðurkarla og aðskotahluta í afla.

- Nettóafla (brúttóafla samkvæmt hafnarvog að frádregnum hrúðurkörlum og öðrum aðskotahlutum í afla).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. desember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Pórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

A. Breyting á deiliskipulagi fyrir frístundahúsalóðir í landi Kambshóls.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 7. ágúst 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundahúsalóða í landi Kambshóls í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Um er að ræða fjölgun lóða um 13 innan núverandi deiliskipulagssvæðis, við nýja götu, Neðstaás.

Uppdráttur og greinargerð vegna breytingarinnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

B. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Fornastekk í landi Bjartheyjarsands.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 19. september 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundahúsalóða við Fornastekk í landi Bjartheyjarsands í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Breytingin felst í því að 5 nýjum lóðum er bætt við núverandi frístundabyggðarsvæði.

Uppdráttur og greinargerð vegna breytingarinnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

C. Deiliskipulag fyrir aðveitustöð Landsvirkjunar að Brennimel.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 19. september 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir aðsveitustöð Landsvirkjunar að Brennimel í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Um er að ræða deiliskipulag núverandi aðveitustöðvar ásamt þjónustubyggingum auk þess sem heimilt er að reisa allt að 35 m há möstur fyrir raflínur og önnur mannvirki.

Uppdráttur og greinargerð vegna deiliskipulagsins hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Þessar breytingar og deiliskipulag öðlast þegar gildi.

Hlöðum, 3. desember 2001.

Jón Valgarðsson oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps.